

AGM 2015

Open your heart



21. ágúst var runnin upp opunarhátíð AGM, dagurinn eða helgin sem búið er að vera undirbúa svo lengi og alltaf svo langt í. Mikil tilhlökkun var komin í mig þar sem ég var að fara upplifa mitt fyrsta AGM Ladies Circle. Að mæta uppí Höllina og sjá allar þessar flottu LC konur saman komnar í klæðnaði sem er einkennandi fyrir þeirra land var magnað. Og ótrúlega gaman að sjá allar íslensku konurnar sem voru mættar í þjóðbúningum eða þjóðlegum klæðnaði. Opunarhátíð sjálf var mjög hátíðleg og vel skipulögð. Var ég eiginlega dolfallinn við að horfa á allar þessu flottu konur. Sérstaklega stendur upp úr að frú Vigdís Finnbogadóttir skyldi heiðra okkur með nærveru sinn. Svo var það skruðgangan, var ég oft búin að heyra frá reyndum LC konum að skruðgangan væri einstök upplifun. Og það var bara nákvæmlega þannig að ganga frá Höllinni og niður í Hof þetta var ólýsanleg upplifun, allt fólk sem fylgdist með okkur, hópmyndatakan í kirkjutröppunum öll gleðin, söngurinn þetta var bara magnað. Ekki tók minni gleði við niður í Hofi var opunarpartíð einstaklega vel heppnað. Frábær stemming sem Eva Reykjalin náði í mannskapinn þegar hún stillti sér upp á stigapalli og leiddi um 600 konur í Zumba um allt Hof. Dansað var við tónlist frá DJ fram á nótt, spjallað og skipst á pinnum og jafnvel húfum og höttum.



Á föstudagsmorguninn mætti ég á AGM fundinn var hann áhugaverður og gaman fylgjast með honum, snæddum við þar fínan hádegisverð. Ég var ein að þeim sem hélt heimapartý og var ég orðin frekar stressuð að fara taka á móti 19 ókunnugum konum á mitt heimili og ég sjálf gestgjafinn, og þurfa standa mig í því, ómæ ómæ þetta var áskorun fyrir mig. En leið og þessar dásamlegu konur voru komnar hvarf allt stress og varð þetta algjörlega magnað kvöld og gaman að kynnast þessum hressu LC konum. Kvöldið endaði á Pósthús barnum þar sem fólk skemmti sér fram á nótt.



Laugardagurinn runninn upp og var komið að Galakvöldinu, að koma niður í Höll og sjá allan fjöldann af fólkinu fyrir utan og þvílíka litadýrðin á kjólunum allir mættir í sínu fínasta þússi. Salurinn glæsilegur, maturinn virkilega góður og allt gekk svo vel. Friðrik Ómar náði upp góðri stemmingu og svo var DJ, var dansað fram á nótt. Það sem var einkennandi fyrir þessa helgi var gleði og meiri gleði. Er ég vikilega þakklát og stolt fyrir að tilheyrja LC.

Takk fyrir mig
Guðbjörg H. Þorvaldsdóttir
LC-1

